

Alþingi
Erindi nr. P 126/937
komudagur 18.01.2001



BARNAVERNDARSTOFA

Alþingi
Ágúst Geir Ágústsson
nefndarritari
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. janúar 2001
Tilvísun : 2000120022

Barnaverndarstofa vísar til bréfs dags. 12. desember sl. þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til barnalaga, 314. mál, ráðgjöf í umgengnis- og forsjárdeilum.

Barnaverndarstofa fagnar þessu frumvarpi og styður það eindregið að frumvarpið verði samþykkt. Er brýnt að þessi þjónusta standi öllum til boða hvar sem þeir búa á landinu. Þrátt fyrir að þessi málaflokkur heyri ekki undir starfssvið Barnaverndarstofu þá eru á hverju ári fjölmargir aðilar sem leita til stofunnar eftir ráðleggingum í tengslum við ágreining um forsjá eða umgengni. Brýn nauðsyn er á að fólk eigi aðgang að sérfræðilegri ráðgjöf um þessi vandmeðförnu atriði. Benda má á í þessu sambandi að nauðsynlegt er að lagaleg túlkun á hugtökum eins og forsjá, sameiginleg forsjá og framkvæmd þessara mála að lögum haldist í hendur við ráðgjöf um önnur þau atriði sem huga þarf að áður en mál eru til lykta leidd með samningi. Barnaverndarstofa telur vert að huga að því við heildarendurskoðun barnalaganna að setja sem meginreglu að fólk verði gert skylt að sækja ráðgjöf áður en samið er um forsjá eða umgengni, að aðgangur að ráðgjöf verði með einhverjum hætti einnig tengdur meðferð mála fyrir dómstólum og í heild hugað að fyrirkomulagi á óhefðbundnum leiðum til lausnar á ágreiningi.

Virðingarfyllst
f.h. Barnaverndarstofu

Hrefna Friðriksdóttir